
Leikfangar
smiður

Ég mála sjálfan mig á röngunni

Í VESTURSAL Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýning á verkum eftir Jón Axel Björnsson, Björgu Órvar og Valgarð Gunnarsson. Jón Axel sýnir hér olíumálverk og einn skúlptúr. Hann útskrifaðist úr Myndlista og handíðaskóla Íslands 1979 og hefur síðan haldið fimm einkasýningar; í Ásmundarsal 1982, Salnum 1985, Mokka 1985, Gallerí Svart á hvítu 1987, Gallerí Gangnum 1987, auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum á Íslandi, í Svíþjóð og í Frakklandi.

Jón Axel fæddist árið 1956 í Reykjavík og þar hefur hann alið manninn alla tíð. „Ég fór ekki einu sinni í sveit þegar ég var yngri,“ segir hann, „og ég gekk bara í tvo skóla, Vogaskóla og Myndlista og handíðaskólann.“

Eftir Vogaskóla staldraði ég við í nokkur ár, byrjaði að læra iðngrein sem ég kláraði ekki, því á miðju því tímabili fór ég á myndlistarnámskeið hjá Hring Jóhannessyni í Ásmundarsal, hjá Myndlistarskóla Reykjavíkur. Þannig að í sambandi við myndlistina var ekkert afgerandi ákveðið fyrr en ég var kominn yfir títugt, þótt vissulega hafi áður komið fram tilburðir hjá mér í þá átt.

Ég hef verið að hugsa mikið um skólaferil minn, sem var mér alltaf hreinn „tortúr.“ Myndlista og handíðaskólinn var ekkert skárri, hvað það varðar. Það er þessvegna kaldhæðnislegt að vera orðinn kennari þar. Það er eiginlega ekki hægt að kenna myndlist, en mér finnst ég vera gagnrýnandi fremur en kennari. Fólk hefur orðið hissa þegar ég segi þetta, því margir koma þarna inn og vilja fá að vita hvernig á að gera hlutina rétt. Það er að vísu minni hlutinn, en það er mér mjög erfitt að lenda í þeirri stöðu að eiga að segja til um hvað er rétt og hvað rangt. En skóli finnst mér kannski erfiður vegna þess að ég á erfitt með að þola

skipulag fram í tímann og mætinga-skylda finnst mér hryllilegur hlutur.“

Förstu í myndlist til að geta stjórnað þínum tíma eða tímaleysi sjálfur?

„Nei, ég held að í rauninni hafi aldrei neitt annað komið til greina. Þetta er einhver tilfinning, eitthvað sem maður finnur að maður verður að gera. Mér finnst ég aldrei hafa verið til í neinu öðru.“

Þar sem mér hefur alltaf leiðst í skóla, kom framhaldsnám ekki til greina hjá mér. Eftir Myndlista og handíðaskólann vildi ég byrja að vinna einn og sjálfur, en það gekk í rauninni erfiðlega.

Þetta margumtalaða „nýja málverk“ var eins og ljós í myrkrri fyrir mig, vegna þess að myndlistin var í mjög föstum skorðum, fólk varð að fara eftir vissum rásum. Málverkið var ekki til þá. Málaraeildin í Myndlista og handíðaskólann var mjög fámenn deild. Það var svo mjög fámenn deild. Það var svo mikil harðnustefna í myndlistinni. Menn máttu svo lítið. Það var mjög afmarkað svið í málverkinu fyrst í stað sem mátti nota, en það varð þróun í þessu. Ástandið núna er orðið þannig að fólk getur farið eftir sínum eigin rásum. Það er ekki einn viðtekinn sannleikur lengur.

Þegar ég var að byrja að mála, var „concept“ tímabilið svokallaða. Að því sem að mér sneri, þá var málverkið bara hætt að vera list. Það var ákaflega þægileg tilfinning að vakna upp með það einn daginn

að hægt var að búa til listaverk með olíamálningu. Ég get vel ímyndað mér að margir hafi lent í þessari aðstöðu. Það er ekkert óeðlilegt að ungir listamenn fylgi framsæknum hlutum í listsköpun, en það er óeðlilegt þegar menn þróast ekki.

„Nýja málverkið“ hafði mjög líka mjög afmarkað svið fyrst. Það var einhver grófur expressjónismi, einhver katastrofa og bombuhræðsla. Alltaf þegar breytingar verða og stagnerað form er fyrir, kallað það á andstæðu sína. „Nýja málverkið“ var í andstöðu við það sem hafði verið í 10 ár og þreytan var orðin mikil.

Fyrstu árin gerði ég eiginlega ekki neitt. Var eins og þurr penni. Það kom ekkert úr pennanum. Ég vann eitt og annað í smátímabilum og var svo að reyna að mála.

Það var eiginlega málamiðlun að ég fór í málaraeildina. Ég ætlaði í skúlptúrdeild. Málaraeildin var einkonar þrasutalending. Ég hafði unnið við járn og drasl um tíma, þekkti aðferðina sem þarf við efnið og meiningin var alla tíða að fara í skúlptúr, en þegar kom að vali hjá mér eftir tvö ár í forskólanum var skúlptúrdeildin lögð niður. Ég held vegna skorts á nemendum. Svo var hún opnuð aftur árið eftir að ég útskrifaðist.

Annars hefði ég átt að fara í grafíkdeild til að læra aðferðir og tækni. Í málaraeild var ekkert markvisst nám þegar ég var þar. Það var aftur í grafíkdeildinni. Þar var kennsla í hlutföllum, sýrublöndun og annað.“

Þú sýnir hér eitt skúlptúrverk. Hefurðu fengist við það meðfram málverkinu?

„Ég hef eitthvað aðeins fönðrað við þetta niðri á vinnustofu hjá Sóley Fíríksdóttur. En það var fönður. Þetta er fyrsti skúlptúrinn sem ég sýni. Ég reikna með að vinna skúlptúra með málverkinu áfram og vinna eitthvað með grafík. Ég held að menn afmarki sig of mikið

við ákveðna aðferð og ákveðið efni. Mér finnst engin ástæða til þess.“

Myndir þú flokka myndir þínar á þessari sýningu undir „nýja málverkið“?

„Ég held að þær séu ekki þetta „nýja málverk.“ Þetta byrjaði hinsvegar þar. Reyndar er ég búinn að finna svar við því þegar ég er spurður hvað ég sé að mála: „Sjálfan mig á röngunni.“ Í öllu sem ég hef málað, finnst mér ég hafa verið að fást við sama hlutinn. Ég mála til dæmis ekki landslag, landslagsins vegna, eða uppstillingu, uppstillingarinnar vegna. Mér finnst ég vera að mála mína stöðu í umhverfinu, eða samfélaginu, eða hvað má nú kalla það.“

En ég hef þó aldrei gengið framhjá hinum maleríska þætti. Það eru alltaf viss lögmál myndflatarins sem ég hlýði. Það fylgdi mikið þessari nýju málaraþylgju að menn litu á þetta lögmál sem aukaatriði að miklu leiti. Kannski voru menn hræddir um að þetta eyðilegði inntak, eða meiningu verksins. Hjá mér er þetta þveröfugt. Ég tel þetta geta dregið fram meiningu verksins. Ég hugsa um myndbyggingu og ég hugsa um áferð og lit, og reyni að raða þessu saman eins og gömlu málaramir gerðu, með virðingu fyrir þessum hlutum.“

Þú segist mála stöðu þína í umhverfinu, eða samfélaginu og myndir þínar eru flestar af karlper-sónum. Áttu við að þú sért að hugsa um stöðu karlmannsins í samfélaginu?

„Nei þetta hefur ekkert með karlmennsku að gera, þótt maður komist aldrei undan þessu atriði, að vera karlmaður. En það er ekkert sérstakt sem ég vil koma á framfæri í því sambandi. Karlkynið held ég eigi ekkert bág og kvenkynið ekki heldur. Hitt er annað mál að mannkynið í það heila getur átt bág.“

Það eru semsagt tveir stórir þættir í mínu málverki, tilfinninga-

hliðin — inntak, meining eða skoðun - og svo þessi tæknilegi maleríska þáttur, sem ég hugsa mikið um. Hver og ein mynd felur í sér ákveðna niðurstöðu af þessu tvennu. Hitt er svo annað mál að viðfangsefni mitt á þessari sýningu er mjög mikið það sama.“

Hvernig gengur þér að lifa af myndlistinni?

„Það hef ég aldrei getað. En ég nýt dyggrar aðstöðar vina og vandamanna. Ég held það sé það sem fleytir myndlistarmönnum áfram, eða þá að þeir vinna eins og skepnur við eitthvað annað. Hér er þó alveg hægt að lifa af myndlist, því eins og allur heimur veit, þá kaupa Íslendingar allra þjóða mest af myndlist.“

En líftími listamanns er orðinn mjög stuttur. Það á ekki bara við hér. Ég kalla þetta „ameríska viðskiptahætti.“ Almennir á orðið erfitt með að fylgja listamönnum eftir á ferli þeirra, því það má segja að listamaður sé tekinn fyrir og honum kannski haldið á lofti í 10 ár, settar upp sýningar sem seljast upp á stuttum tíma, en svo verður að svara kröfum um „eitthvað nýtt.“ Þetta hefur kannski eitthvað með breyttan hugsunarhátt að gera. Þeir sem hafa fjármagn í dag, vilja kannski kaupa málverk eftir þekktan málara, eða einhvern sem verður mikilsmetinn seinna, en í dag er erfitt að veðja á réttan hest, ef svo má segja. Þrátt fyrir þetta, held ég að enn séu til listunndur sem kaupa verk af því þeim finnst þau góð. Ég held það hljóti að vera.“

Verkin þín hér eru feykilega stór og varla hægt að segja að þú sért að mála fyrir stofur á venjulegum heimilum. Er ekki neikvætt að mála svona stórar myndir, ef þú vilt selja þær?

„Mér hefur alltaf gengið betur að mála stór verk. Mér hefur alltaf gengið betur að stækka upp en minnka niður. Í þessu tilfalli hér